



Hreppsnefnd 15.05.03

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 15. maí 2003

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 15. maí 2003 kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir á fundinn: Emil Sigurjónsson, Björn Halldórsson, Ellert Árnason, Aðalbjörn Björnsson, Sigurveig Róbertsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir og Ólafur Ármannsson. Jafnframt var mættur Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 29. apríl sl.

Minniháttar ábendingar voru gerðar við fundargerðina og var hún síðan samþykkt svo breytt.

2. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 2. maí 2003 sl.

Fundargerðin lögð fram. Hreppsnefnd samþykkir tillögu hafnarnefndar í 2. tl. fundargerðarinnar um að ganga til samninga við lægst bjóðanda í verkið eins og Siglingastofnun mælir með að gert sé eftir yfirreikning tilboðanna..

Samþykkt með 7 atkv.

3. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 5. maí sl.

Varðandi 2. tl. fundargerðarinnar voru hreppsnefndarmenn sammála um að heimila aðila að rífa Sementshúsið niður og nýta efni úr því í staðinn. Ennfremur var undir 7. tl. spurt um hvort ekki væri eðlilegt að umsóknir um breytingar á húsnæði væru teknar fyrir áður en þær væru langt komnar og hvort ganga ætti harðar eftir því en gert hefur verið.

Fundargerðin samþykkt með 7 atkv.

4. mál. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 8. maí sl.

Fundargerð atvinnumálanefndar frá 8. maí sl. lögð fram til kynningar. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

5. mál. Tillaga að úthlutun byggðakvóta.

Kynntar hugmyndir að úthlutun 20 tonna byggðakvóta sem Vopnafjarðarhreppur hefur fengið úthlutað frá Sjávarútvegsráðuneytinu.

Hreppsnefndarmenn voru sammála um að markmiðið með úthlutuninni ætti að vera á þann veg að sem mestur afli verði unnin í heimabyggð.

Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.

6. mál. Unglinga og sumarvinna sumarið 2003.

Farið yfir fyrirkomulag unnglingavinnu, skólagarða og annarar vinnu á vegum hreppsins sumarið 2003. Samþykkt að fyrirkomulag þessarar vinnu verði með svipuðu sniði og árið 2002. Jafnframt lagðar fram reglur um unnglingavinnu 2003.

7. mál. Verksamningur við Suðurverk h/f, um gerð brimvarnargarðs.

Lagður fram verksamningur við Suðurverk h/f um gerð brimvarnargarðs milli Miðhólma og Skiphóma, sem undirritaður hefur verið með fyrirvara um samþykki hreppsnefndar.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi verksamning.

8. mál. Tillögur að lánafyrirgreiðslu hreppsins.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fjárförf hreppsins vegna skuldbreytinga og framkvæmda m.a. í höfninni o.fl. Umræða var nokkur um málið og svaraði sveitarstjóri framkomnum fyrirspurnum.

Lagt fram tilboð í skuldabréfalán frá Íslenskum Verðbréfum dags. 13. maí sl.

Síðan var lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að heimila sveitarstjóra að ganga frá langtímaláni í samræmi við fyrirliggjandi tilboð Íslenskra Verðbréfa h/f dags. 13. maí sl., að fjárhæð allt að 40.000 þús. kr., vegna skuldbreytinga og framkvæmda sem framundan eru hjá höfninni. Sveitarstjóri undirriti nauðsynlega samninga í þessu sambandi.”

Tillagan var samþykkt samhljóða með 7. atkv.

9. mál. Haust, viðbót við gjaldskrá Heilbrigðiseftirlitsins.

Lagt fram bréf HAUST dags. 8. apríl sl., varðandi breytingu á gildandi gjaldskrá

heilbrigðiseftirlitsins. Breytingin lýtur fyrst og fremst að því að eftirlitið geti innheimt gjöld í samræmi við vinnuframlag vegna starfsleyfisvinnslu og eftirlits í tengslum við stórframkvæmdir þær sem framundan eru á Austurlandi.

Gjaldskráin samþykkt með 6 atkv. Einn sat hjá.

10. mál. Ýmsar fundargerðir og erindi:

a) Fundargerð aðalfundur Menningarráðs Austurlands frá 28. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

b) Tillögur frá aðalfundi Búnaðarfélags Vopnafjarðar frá 27. sl. Oddviti gerði grein fyrir málinu og greindi frá því að hugmyndin væri sú að Bústofnsleigusjóður styrkti Mjólkurfélag Vopnfirðinga til niðurgreiðslu á vöxtum.

Tillögu um Fjallskilasjóð var vísað til umfjöllunar í Landbúnaðarnefnd.

c) Bréf Fellahrepps frá 6. maí sl., varðandi svokallað Norðursvæðisverkefni.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.